

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun heimilisúrgangs í Mosfellsbæ.

1. gr.

Innheimt er gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá heimilum í Mosfellsbæ eins og nánar er kveðið á um í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjöldin samanstanda af breytilegum og föstum kostnaði vegna hirðu og losunar sveitarfélagsins og er ætlað að standa undir öllum kostnaði tengdum meðhöndlun heimilisúrgangs.

Breytilegu gjaldi, byggt á lítrafjölda hvers íláts, er ætlað að standa undir kostnaði við hirðu, förgun og öðrum kostnaði í tengslum við sorphirðuna.

Fast gjald er gjald vegna reksturs grenndar- og endurvinnslustöðva sem er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins í rekstri grenndar- og endurvinnslustöðva SORPU bs.

3. gr.

Gjald fyrir blandaðan úrgang – hirðutíðni á 14 daga fresti

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláta</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
1B	240 l tunna	55.936
1E	660 l kar	153.823
1F	2.000 l djúpgámur	466.129
1G	4.000 l djúpgámur	932.259
1H	5.000 l djúpgámur	1.165.323

Gjald fyrir matarleifar (lífúrgang) – hirðutíðni á 14 daga fresti

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláta</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
2A	140 l tunna	14.477
2F	2.000 l djúpgámur	206.815

Gjald fyrir tvískipta tunnu blandaðs úrgangs og matarleifa – hirðutíðni á 14 daga fresti

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláta</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
3C	240 l tvískipt tunna	43.488

Gjald fyrir pappír/pappa – hirðutíðni á 21 dags fresti

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláta</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
4B	240 l tunna	4.701

4E	660 l kar	12.927
4F	2.000 l djúpgámur	39.174
4G	4.000 l djúpgámur	78.347
4H	5.000 l djúpgámur	97.934

Gjald fyrir plastumbúðir – hirðutíðni á 21 dags fresti

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláta</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
5B	240 l tunna	4.701
5E	660 l kar	12.927
5F	2.000 l djúpgámur	39.174
5G	4.000 l djúpgámur	78.347
5H	5.000 l djúpgámur	97.934

Gjald fyrir tvískipta tunnu pappír/pappa og plastumbúðir* – hirðutíðni á 21 dags fresti

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláta</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
6C	240 l tvískipt tunna	5.030

*Ath. aðeins í boði fyrir fámenn sérbyli (1-2 íbúa)

Gjald vegna reksturs grenndar- og endurvinnslustöðva

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund þjónustu</i>	<i>Fast gjald kr. á íbúð</i>
7	Rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva	28.153

Aðrir gjaldaliðir**Umsýslugjald fyrir breytta samsetningu íláta**

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund þjónustu</i>	<i>Gjald kr./skipti</i>
8	Breyting á samsetningu íláta vegna sorphirðu	3.300

4. gr.

Aukalosun er á ábyrgð heimilanna. Íbúum er bent á að leita til þjónustuaðila ef óskað er eftir losun á milli sorphirðudaga.

5. gr.

Í fjöleignarhúsum, með sameiginleg ílát fyrir úrgang, er gjöldum vegna meðhöndlunar heimilisúrgangs skipt eftir hlutfallstölum, þ.e. þeim eignarhluta sem viðkomandi íbúðareigandi á í heildarhúseigninni, sbr. lög um fjöleignarhús.

6. gr.

Gjöld skv. 3 gr. eru innheimt samhliða fasteignagjöldum. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga. Sveitarfélagið annast innheimtu gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar á 884. fundi, 3. desember 2025, með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 1553/2024.

Mosfellsbæ, 3. desember 2025.

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 30. desember 2025